

Ár 1982, þriðjudaginn 5. janúar, var í málinu nr. 24/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 19. janúar 1981, kærði eigandi fasteignarinnar nr. 42 við Arnarhraun í Hafnarfirði út af fasteignamati eignarinnar og óskaði eftir því, að eignin yrði metin á sambærilegan hátt við ýmsar aðrar fasteignir, sem kærandi tilgreindi. Umrædd fasteign var metin á samtals kr. 59.414.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980, að viðbættum bílskúr, sem metinn var á kr. 3.343.000,-. Um er að ræða 584 m<sup>3</sup> steinsteypt íbúðarhús, sem stendur á 780 m<sup>2</sup> leigulóð. Niðurstæða úrskurðar Fasteignamats ríkisins varð sú, að lækka bæri mat íbúðarhússins úr kr. 54.339.000,- í kr. 50.268.000,-. Þessum úrskurði fasteignamatsins vildi kærandi ekki una, og skaut hann málinu til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 12. ágúst 1981.


Kærandi hefur með réttu leitt í ljós, að ósamræmis gætir í fasteignamati íbúðarhúsa í Hafnarfirði. Umrædd fasteign kæranda er hins vegar í sjálfu sér ekki of hátt metin miðað við grundvallarreglur um fasteignamat, sbr. 17. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna og 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat. Brestur því lagaheimild til lækkunar fasteignamats í máli þessu.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framangreind kára er ekki tekin til greina.

  
Gaukur Jörundsson

  
Pétur Stefánsson

  
Guðmundur Magnússon